

SSS · ATVINNUPRÓUN

Atvinnuþróunar- rammi Suðurnesja

2026–2030

Sameiginlegur samræmingar- og
samstarfsrammi sveitarfélaga á
Suðurnesjum

ÚTGÁFA 4.0 · MARS 2026



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

1. Inngangur og tilgangur	4
2. Stöðugreining Suðurnesja	6
2.1 Lýðfræði og samfélagsþróun	6
2.2 Atvinnulíf og efnahagsleg staða.....	6
2.3 Menntun og mannauður	6
2.4 Innviðir, skipulag og staðsetning.....	7
3. Stefnumótandi áskoranir Suðurnesja.....	8
3.1 Mannauður fylgir ekki verðmætasköpun.....	8
3.2 Atvinnulíf er einhæft og viðkvæmt fyrir ytri áföllum.....	8
3.3 KADECO og K64 nýtt sem umbreytingarafl.....	9
3.4 Betri samræmd stjórnsýsla og sameiginleg rödd.....	9
4. Framtíðarsýn og meginmarkmið Suðurnesja til ársins 2030.....	10
4.1 Framtíðarsýn Suðurnesja.....	10
4.2 Meginmarkmið atvinnuramanns 2026–2030	10
1. Mannauður verði burðarás atvinnuuppbyggingar	10
2. Fjölbreytni og gæði starfa aukist	10
3. KADECO og K64 verði umbreytingarvettvangur atvinnuþróunar.....	10
4. Sjálfbær þróun og ábyrg auðlindanýting verði leiðarljós	11
5. Samvinna sveitarfélaga verði styrkt og sameiginleg rödd mótuð.....	11
5. Stefnuásar atvinnurammans	12
5.1 Stefnuás 1: Mannauður og menntun sem efnahagslegur innviður	12
5.2 Stefnuás 2: Fjölbreytt og sjálfbær atvinnuuppbygging.....	12
5.3 Stefnuás 3: KADECO og K64 sem lykkjarni atvinnu- og þekkingarkerfis Suðurnesja	13
5.4 Stefnuás 4: Samvinna, stjórnsýsla og sameiginleg framtíðarsýn.....	13
6. Aðgerðaáætlun atvinnustefnu Suðurnesja 2026–2030	14
6.1 Mannauður og menntun sem efnahagslegur innviður.....	14
6.1.1 Leiðrétting fjármögnunar framhaldsskóla á Suðurnesjum	14
6.1.2 Samþætting menntunar og atvinnuþarfa.....	14
6.1.3 Efla íslenskukennslu og stuðning við fjölmenningsarsamfélag.....	15
6.2 Fjölbreytt og sjálfbær atvinnuuppbygging	15
6.2.1 Uppbygging nýrra atvinnustoða	15
6.2.2 Sjálfbær ferðaþjónusta með auknum virðisauka	16
6.3 KADECO og K64 sem umbreytingarvettvangur	16

6.3.1 Samþætt atvinnu-, mennta- og nýsköpunaruppbygging á K64	16
6.3.2 Grænir iðngarðar og ábyrg orkunýting.....	16
6.4 Samvinna, stjórnsýsla og eftirfylgni.....	17
6.4.1 Sameiginleg stjórnsýsla atvinnumála	17
6.4.2 Sameiginlegt mælaborð og árleg eftirfylgni.....	17
7. Eftirfylgni, ábyrgð og árangursmælingar.....	18
7.1 Ábyrgð og stjórnskipulag	18
7.2 Framkvæmd og árleg eftirfylgni.....	18
7.3 Mælikvarðar	19
7.4 Mælaborð.....	19
7.5 Endurskoðun og aðlögun rammans.....	20
8. Samræming atvinnuramma Suðurnesja við aðrar stefnumótandi áætlanir	21
8.1 Samræming við Sóknaráætlun Suðurnesja.....	21
8.2 Samræming við Svæðisskipulag Suðurnesja 2040.....	21
8.3 Samræming við þróunaráætlun KADECO og K64.....	22
8.4 Samræming við atvinnustefnu Reykjanesbæjar.....	22
8.5 Samræmingartafla – yfirlit yfir tengingar	22
8.6 Samantekt samræmingar	22
9.0 Mælanleg markmið.....	23
10. Lokaorð – Suðurnes 2030	24
Viðauki A – Töluleg gögn og lykilvísar	25
A.1 Lýðfræði og íbúasamsetning	25
A.2 Menntun og fjármögnun framhaldsskóla.....	25
A.3 Menntunarstig og hæfni	25
A.4 Atvinnulíf og vinnusókn	26
A.5 Atvinnugreinar og efnahagsleg seigla.....	26
A.6 KADECO og K64 – efnahagsleg tækifæri.....	26
A.7 Opinber fjármögnun og jafnræði svæða	26
A.8 Samantekt viðauka	26
Viðauki B – Mælikvarðar og árangursvísar (KPI).....	27
B.1 Mannauður og menntun.....	27
B.2 Atvinnulíf og starfasköpun.....	27
B.3 Vinnusókn og staðbundin verðmætasköpun.....	28
B.4 KADECO og K64	28
B.5 Sjálfbærni og samfélagsleg áhrif	28

B.6 Samantekt mælikvarða	28
Viðauki C – Yfirlit yfir áhersluverkefni	29
C.1 Áhersluverkefni á sviði mannauðs og menntunar	29
C.2 Áhersluverkefni í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu	29
C.3 Áhersluverkefni tengd KADECO og K64	29
C.4 Áhersluverkefni í stjórnsýslu og samvinnu	29
C.5 Samantekt áhersluverkefna	29

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030

Sameiginlegur samræmingar- og samstarfsrammi sveitarfélaganna á Suðurnesjum

1. Inngangur og tilgangur

Þessi áætlun er sett fram sem sameiginlegur samræmingar- og samstarfsrammi um atvinnuþróun á Suðurnesjum til ársins 2030.

Hún er ekki yfirskipuð stefna gagnvart einstökum sveitarfélögum né kemur í stað þeirra atvinnustefna sem þegar eru í gildi, heldur er henni ætlað að skapa sameiginlega sýn, samhæfingu og forgangsriðun í þeim verkefnum sem krefjast svæðisbundins samstarfs.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa sum hvert um sig mótað sínar eigin atvinnustefnur og áherslur sem taka mið af sérstöðu og þörfum viðkomandi samfélags. Þessi rammi byggir á þeirri sjálfstæðu stefnumótun og leitast við að tengja hana saman þar sem hagsmunir eru sameiginlegir og samlegðaráhrif geta orðið mest.

Markmið rammans er að styrkja sameiginlega stöðu Suðurnesja innan atvinnusóknarsvæðis suðvesturhornsins, samhæfa uppbyggingu lykilinnviða, auka skilvirkni í nýtingu lands, orku og mannauðs og styðja við samræmda þróun stærri svæðisbundinna verkefna.

Ramminn er lifandi samstarfsvettvangur sem byggir á samráði sveitarfélaga, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Kadeco og annarra lykilhagsmunaaðila. Með þessari nálgun er leitast við að tryggja að atvinnuuppbygging á Suðurnesjum verði samkeppnishæf, sjálfbær og byggð á sameiginlegri ábyrgð

Suðurnes eru eitt mikilvægasta atvinnu- og vaxtarsvæði Íslands. Svæðið gegnir lykilhlutverki í alþjóðlegum tengslum landsins. Það hýsir stærsta samgöngu- og flutningsmannvirki þjóðarinnar og er ein helsta gátt Íslands að umheiminum.

Þar sameinast alþjóðleg flugstarfsemi, öflug orkuvinnsla, fjölbreytt atvinnulíf og samfélag sem hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum.

Á sama tíma eru Suðurnes svæði mikilla andstæðna. Þrátt fyrir mikla verðmætasköpun og sterka stöðu í þjóðarbúskapnum standa sveitarfélögin frammi fyrir kerfislægum áskorunum sem hafa áhrif á atvinnuþróun, menntun, samfélagslega samheldni og lífsgæði íbúa. Hröð íbúafjölgun, hátt hlutfall erlendra íbúa, mikill þrýstingur á innviði og misræmi í opinberri fjármögnun hafa skapað aðstæður sem krefjast markvissrar, langtímahugsandi og samræmdrar stefnumótunar.

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030 er settur fram til að bregðast við þessum aðstæðum. Hann er ekki aðeins rammi um atvinnulíf í þröngum skilningi, heldur heildstæð framtíðaráætlun sem tengir saman atvinnuþróun, menntun, mannauð, innviði, skipulag og samfélagslega velferð.

Tilgangur rammans er fjórþættur:

- Að móta sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaga Suðurnesja í atvinnumálum
- Að samræma ákvarðanatöku og forgangsröðun í atvinnu-, mennta- og innviðamálum
- Að styrkja stöðu svæðisins gagnvart ríkinu, fjárfestum og alþjóðlegum samstarfsaðilum
- Að tryggja að verðmætasköpun sem á sér stað á Suðurnesjum skili sér í auknum lífsgæðum, sterkari samfélögum og sjálfbærum hagvexti

Ramminn byggir á þeirri grundvallarsýn að atvinnuuppbygging, menntun og samfélagsþróun séu órjúfanlega tengd. Án markvissrar uppbyggingar mannauðs er ekki hægt að tryggja fjölbreytt, vel launuð störf til framtíðar. Án fjölbreytts atvinnulífs verður samfélagið viðkvæmt fyrir ytri áföllum. Einnig má leiða líkur að því að án samræmdrar stjórnsýslu og sameiginlegrar raddar mun svæðið áfram standa veikara gagnvart öðrum landshlutum í samkeppni um fjármagn og athygli ríkisins.

2. Stöðugreining Suðurnesja

2.1 Lýðfræði og samfélagsþróun

Suðurnes hafa upplifað hraðasta íbúavöxt landsins á síðustu tveimur áratugum. Íbúafjöldi svæðisins hefur nær tvöfaldast á um 25 árum og hefur vöxturinn verið bæði hraður og samfelldur. Meðalaldur íbúa á Suðurnesjum er lægri en landsmeðaltal og hlutfall barna og fólks á vinnualdri er hátt.

Eitt megininkenni samfélagsins á Suðurnesjum er fjölmennning. Hlutfall erlendra íbúa er með því hæsta á landinu og í sumum sveitarfélögum nálgast það eða fer yfir þriðjung íbúanna. Þetta skapar bæði mikil tækifæri og áskoranir. Fjölbreyttur mannauður eykur tengsl við alþjóðlegan vinnumarkað og styrkir atvinnulíf. Jafnframt kallar það á aukin stuðningsúrræði í menntakerfi, félagsþjónustu og stjórnsýslu.

Samfélagsþróun Suðurnesja hefur verið hraðari en uppbygging innviða og opinberrar þjónustu. Skólar, leikskólar, heilbrigðisþjónusta og samgöngur hafa ítrekað þurft að bregðast við auknum fjölda íbúa án þess að fjármögnun og skipulag hafi fylgt þróuninni að fullu. Þetta hefur áhrif á getu samfélagsins til að styðja við atvinnuuppbyggingu og langtíamannauðsþróun.

2.2 Atvinnulíf og efnahagsleg staða

Atvinnulíf Suðurnesja er sterkt, en tiltölulega einhæft. Stór hluti atvinnu tengist:

- Flug og flugvallartengdri starfsemi
- Ferðaþjónustu
- Sjávarútvegi og vinnslu
- Orkuvinnslu og orkufrekum iðnaði
- Matvælaframleiðsla

Þessar greinar skapa mikil verðmæti fyrir íslenskt hagkerfi í heild, en efnahagslegur ávinningur þeirra skilar sér ekki að fullu til svæðisins sjálfs. Hátt hlutfall vinnusóknar út af svæðinu bendir til þess að íbúar Suðurnesja sækja sér störf annars staðar, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem dregur úr staðbundinni verðmætasköpun og eykur álag á samgöngukerfi.

Atvinnulífið er jafnframt viðkvæmt fyrir ytri áföllum, eins og sýndi sig skýrt í heimsfaraldri COVID-19 og í sveiflum í ferðaþjónustu. Skortur á fjölbreyttum stöðum, einkum í þekkingar- og nýsköpunargreinum, eykur þessa viðkvæmni og dregur úr seiglu svæðisins til langs tíma.

2.3 Menntun og mannauður

Menntakerfið stendur frammi fyrir áskorunum sem tengjast hraðri samfélagsþróun og fjölmenningu. Þrátt fyrir ungt samfélag og mikla eftirspurn eftir hæfu starfsfólki, er menntunarstig íbúa lægra en landsmeðaltal. Hlutfall íbúa með háskólamenntun er lægra og brotthvarf úr framhaldsskóla hefur verið áskorun. Þess ber þó að geta að hlutfall þeirra sem eru með iðnmenntun er hærri á Suðurnesjum en víða annarsstaðar á landinu.

Kerfisbundið misræmi í fjármögnun menntakerfisins er hluti af skýringunni. Framlag á hvern nemanda í framhaldsskólum á Suðurnesjum er lægra en í sambærilegum skólum annars staðar á landinu, þrátt fyrir að nemendahópurinn sé fjölmenningslegur og stuðningsþörf meiri. Þetta hefur áhrif á námsárangur, námsframboð og getu skólanna til að þróa nýjar námsleiðir í samstarfi við atvinnulíf.

Án markvissrar uppbyggingar menntunar og símenntunar er hætt á að atvinnuuppbygging á Suðurnesjum verði áfram háð innfluttu vinnuafli, í stað þess að byggja á eigin mannauði og styrkja samfélagið til langs tíma.

2.4 Innviðir, skipulag og staðsetning

Staðsetning Suðurnesja er einstök. Alþjóðlegur flugvöllur, sterkar orkulindir, hafnir og gott aðgengi að höfuðborgarsvæðinu skapa forsendur fyrir fjölbreytta atvinnuuppbyggingu. Svæðið býr yfir landrými sem er sjaldgæft á suðvesturhorni landsins.

Mikilvægt er að hafa samræmda framtíðarsýn um landnotkun, atvinnuuppbyggingu og tengingu við menntun svo hægt sé að nýta þessa styrkleika til fulls.

Það undirstrikar þörfina fyrir sameiginlega sýn sem tengist skipulagi, innviðum og þróunaráætlunum til langs tíma.

3. Stefnumótandi áskoranir Suðurnesja

Stöðugreining sýnir að þrátt fyrir mikla verðmætasköpun, sterka alþjóðlega stöðu og hagstæða landfræðilega legu standa Suðurnes frammi fyrir fjölda kerfislægra áskorana sem hafa þróast yfir tíma. Þessar áskoranir tengjast ekki skorti á tækifærum heldur skorti á samræmingu, langtímahugsun og jafnræði í opinberri stefnumótun.

Stefnumótandi áskoranir Suðurnesja eru samofnar og krefjast samþættra lausna. Hér eru þær greindar í fjórum meginköflum sem mynda grunn að framtíðarsýn og stefnuásum atvinnustefnunnar.

3.1 Mannauður fylgir ekki verðmætasköpun

Ein stærsta áskorun Suðurnesja er að mannauður svæðisins þróast ekki í sama takti og verðmætasköpun atvinnulífsins. Þrátt fyrir mikla starfsemi í flugi, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og orkutengdum greinum hefur menntunarstig íbúa ekki fylgt þeirri þróun sem vænta mætti miðað við efnahagslegt vægi svæðisins.

Hlutfall íbúa með háskólamenntun er lægra en landsmeðaltal og brotthvarf úr framhaldsskóla hefur verið viðvarandi áskorun, þó að úr hafi ræst á undanförunum árum. Þetta er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að samfélagið er ungt og hlutfall fólks á vinnualdri hátt. Slíkt bendir ekki til skorts á hæfni eða vilja einstaklinga, heldur til kerfislægra hindrana í menntakerfi og stuðningsumhverfi.

Misræmi í fjármögnun menntakerfisins eykur þessa áskorun. Framlag á hvern nemanda í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið lægra en í sambærilegum skólum á öðrum landsvæðum, þrátt fyrir fjölmennningarlegan nemendahóp og meiri stuðningsþörf. Þetta dregur úr getu skólans til að bjóða upp á fjölbreytt námsframboð, öflugt starfsnám og nýjar námsleiðir sem tengjast atvinnulífi framtíðarinnar.

Afleiðingin er sú að atvinnuuppbygging á Suðurnesjum verður að stórum hluta háð **innfluttu vinnuafli eða vinnusókn utan svæðisins**, í stað þess að byggja upp staðbundna hæfni og styrkja samfélagið til langs tíma. Þetta veikir tengsl atvinnulífs og samfélags og dregur úr samfélagslegum ávinningi verðmætasköpunar.

3.2 Atvinnulíf er einhæft og viðkvæmt fyrir ytri áföllum

Önnur megináskorun Suðurnesja er **takmörkuð fjölbreytni atvinnulífsins**. Þótt starfsemi sé mikil og umfangsmikil er stór hluti starfa tengdur fáum atvinnugreinum sem eru viðkvæmar fyrir ytri aðstæðum, svo sem alþjóðlegum efnahagssveiflum, breytingum í ferðamynstri og tæknibreytingum.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt skýrt hversu viðkvæmt þetta getur verið. Sveiflur í ferðaþjónustu og flugi hafa haft bein áhrif á atvinnustig, tekjur sveitarfélaga og félagslega stöðu íbúa. Skortur á sterkum stöðum í þekkingariðnaði, nýsköpun og rannsóknartengdri starfsemi eykur þessa viðkvæmni.

Þrátt fyrir að Suðurnes búi yfir forsendum fyrir uppbyggingu í slíkum greinum m.a. vegna staðsetningar orkuauðlinda og tengsla við alþjóðamarkaði, hefur sú uppbygging ekki orðið nægilega markkviss.

Áskorunin felst því ekki í því að skapa „meira af því sama“, heldur að umbreyta atvinnulífinu með því að byggja upp nýjar, sjálfbærar stoðir sem auka seiglu svæðisins og draga úr áhættu til langs tíma.

3.3 KADECO og K64 nýtt sem umbreytingarafi

Þróunarsvæði KADECO og K64-svæðið við Keflavíkurflugvöll fela í sér eitt stærsta einstaka tækifæri til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum á næstu áratugum. Þar eru sameinaðar forsendur sem fá svæði á Íslandi búa yfir s.s. alþjóðlegtenging, landrými og orka sem og möguleikar á samþættingu atvinnu, menntunar og nýsköpunar.

Þrátt fyrir þetta hefur hlutverk K64 ekki verið skilgreint nægilega skýrt sem kerfisbreytandi afl í atvinnuþróun svæðisins. Uppbygging hefur fremur verið verkefnaþætt en stefnumótandi og tenging við menntakerfi, sveitarfélög og langtíma stefnu atvinnulífsins mætti vera skýrari.

Án skýrrar samhæfingar við atvinnustefnu sveitarfélaga, sóknaráætlun og svæðisskipulag er hætt á að K64 verði einangrað þróunarsvæði, í stað þess að verða hjarta nýs atvinnu- og þekkingarkerfis Suðurnesja. Þetta myndi takmarka samfélagslegan og efnahagslegan ávinning uppbyggingarinnar.

Áskorunin er því að skilgreina KADECO og K64 sem sameiginlegt verkefni svæðisins alls, þar sem ábyrgð, hlutverk og markmið eru skýr og samþætt öðrum stefnumótandi áherslum.

3.4 Betri samræmd stjórnsýsla og sameiginleg rödd

Fjórða megináskorunin er stjórnsýsluleg. Þrátt fyrir að Suðurnes starfi í raun sem eitt atvinnu- og samfélagssvæði er stefnumótun og ákvarðanataka að einhverju leyti sundurleit. Sveitarfélögin hafa hvert um sig markmið og áherslur, en sameiginleg stefna í mörgum málum verið ólík.

Þetta birtist m.a. í:

- Ólíkri forgangs röðun í atvinnu- og menntamálum
- Skorti á sameiginlegri kröfugerð gagnvart ríkinu

Takmarkaðri samhæfingu í skipulags- og innviðamálum. Afleiðingin er sú að Suðurnes ná ekki alltaf að nýta stærð sína, vægi og sameiginlega hagsmuni til fulls. Í samkeppni við önnur landsvæði um fjármuni, verkefni og athygli ríkisins stendur svæðið veikara en ef sveitarfélögin tækju höndum saman á markvissan hátt.

Áskorunin er því að efla sameiginlega stjórnsýslu, gagnadrifna stefnumótun og samvinnu sveitarfélaga, þannig að Suðurnes komi fram sem eitt samræmt atvinnusvæði með skýra framtíðarsýn.

4. Framtíðarsýn og meginmarkmið Suðurnesja til ársins 2030

Framtíðarsýn atvinnuramma Suðurnesja byggir á þeirri meginforsendu að svæðið búi yfir öllum helstu forsendum til að verða eitt **öflugasta atvinnu- og þekkingarsvæði landsins**. Samspil alþjóðlegrar tengingar, grænnar orku, ungs og fjölbreytts mannauðs og landrýmis skapar tækifæri sem fá önnur svæði á Íslandi hafa aðgang að.

Framtíðarsýnin felur þó ekki í sér sjálfvirknan árangur. Hún krefst markvissrar stefnumótunar, samræmdrar framkvæmdar og langtímahugsunar. Án skýrra markmiða og forgangsroðunar er hætt á að tækifærin nýtist ekki að fullu eða að uppbygging verði ósamræmd og tilviljanakennd.

4.1 Framtíðarsýn Suðurnesja

Suðurnes verði leiðandi atvinnu- og þekkingarsvæði Íslands, þar sem sjálfbær verðmætasköpun, græn orka, menntun og nýsköpun mynda samþætt kerfi. Svæðið verði þekkt fyrir að umbreyta alþjóðlegri stöðu sinni og náttúruauðlindum í fjölbreytt, vel launuð störf og sterk samfélög.

Framtíðarsýnin byggir á því að Suðurnes:

- Komi að fremsta megni í veg fyrir efnahagslegan leka út af svæðinu
- Verði sjálfbært samfélag sem heldur eftir virðisauka verðmætasköpunar
- Byggir atvinnuþróun sína á eigin mannauði

Í þessari framtíð eru Suðurnes svæði þar sem:

- Íbúar hafa raunverulegt val um störf á sínu heimasvæði
- Menntakerfið styður við atvinnulíf framtíðarinnar
- Atvinnuuppbygging fer fram í sátt við samfélag og umhverfi

4.2 Meginmarkmið atvinnurammans 2026–2030

Til að framtíðarsýnin náist eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið, sem mynda grunn að stefnuásum og aðgerðaáætlun:

1. Mannauður verði burðarás atvinnuuppbyggingar

Menntun, símenntun og hæfnipróun verði skilgreind sem lykilinnviðir atvinnulífsins. Markmiðið er að draga úr menntunarbili, jafna stöðu nemenda á Suðurnesjum við önnur landsvæði og tryggja að þörfum atvinnulífsins sé mætt með staðbundnum mannauði.

2. Fjölbreytni og gæði starfa aukist

Atvinnulíf Suðurnesja verði fjölbreyttara og þolmeira, með auknu vægi þekkingar-, nýsköpunar- og rannsóknartengdra starfa. Markmiðið er að fjölga atvinnugreinum og auka hlutfall vel launaðra, sérhæfðra starfa.

3. KADECO og K64 verði umbreytingarvettvangur atvinnuþróunar

Uppbygging á K64-svæðinu verði samþætt atvinnustefnu sveitarfélaga, menntakerfi og skipulagi. Svæðið verði kjarninn í nýju atvinnu- og þekkingarumhverfi Suðurnesja.

4. Sjálfbær þróun og ábyrg auðlindanýting verði leiðarljós

Atvinnuuppbygging byggir á grænni orku, hringrásarhagkerfi og ábyrgri land- og auðlindanýtingu, í samræmi við loftslagsmarkmið og samfélagslega ábyrgð.

5. Samvinna sveitarfélaga verði styrkt og sameiginleg rödd mótuð

Sveitarfélögin á Suðurnesjum starfi saman sem eitt atvinnusóknarsvæði með sameiginlega framtíðarsýn, samræmda forgangsörðun og markvissa hagsmunagæslu.

5. Stefnuásar atvinnurammans

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030 byggir á fjórum meginstefnuásum. Hver stefnuás svarar ákveðinni stefnumótandi áskorun og tengir saman atvinnuuppbyggingu, menntun, innviði og stjórnsýslu.



5.1 Stefnuás 1: Mannauður og menntun sem efnahagslegur innviður

Mannauður er mikilvægasti innviður atvinnulífs framtíðarinnar. Á Suðurnesjum er þörf á grundvallarbreytingu í nálgun á menntun, þar sem hún er skilgreind sem hagvaxtar- og atvinnumál, ekki eingöngu félagslegt verkefni.

Áhersla þessa stefnuáss er á:

- Jafna fjármögnun menntakerfisins
- Efla framhaldsskóla, starfsnám og símenntun
- Tryggja tengingu námsframboðs við raunverulegar þarfir atvinnulífsins

Menntakerfið á Suðurnesjum þarf að vera í stakk búið til að takast á við fjölmenningsamfélag og hraðar breytingar á vinnumarkaði. Þetta krefst aukinna stuðningsúrræða, nýsköpunar í kennsluháttum og virks samstarfs við atvinnulíf.

Markmiðið er að:

- Auka hlutfall íbúa með framhalds- og háskólamenntun
- Draga úr brotthvarfi úr námi
- Byggja upp staðbundna hæfni sem styður við fjölbreytt atvinnulíf

5.2 Stefnuás 2: Fjölbreytt og sjálfbær atvinnuuppbygging

Til að tryggja seiglu atvinnulífsins þarf að byggja upp fleiri stoðir sem standast ytri áföll og sveiflur. Áhersla er lögð á að auka vægi nýsköpunar, þekkingariðnaðar og grænna lausna í atvinnulífi Suðurnesja.

Þessi stefnuás snýr að:

- Þróun nýrra atvinnugreina
- Auknum virðisauka innan svæðisins
- Stuðningi við fyrirtæki sem byggja á sjálfbærum lausnum

Atvinnuuppbygging skal ekki einungis mæld í fjölda starfa, heldur einnig í **gæðum starfa**, launum, stöðugleika og samfélagslegum ávinningi. Með þessu móti verður atvinnulífið bæði arðbærara og samfélagslega ábyrgara.

5.3 Stefnuás 3: KADECO og K64 sem lykkjarni atvinnu- og þekkingarkerfis Suðurnesja

K64-svæðið er lykill að umbreytingu atvinnulífs Suðurnesja. Þar liggja tækifæri til að samþætta atvinnuuppbyggingu, menntun, rannsóknir og nýsköpun á einum stað.

Áherslur þessa stefnuáss eru:

- Að skilgreina K64 sem þekkingar- og nýsköpunarsvæði
- Að tryggja tengingu við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf
- Að uppbygging skili sér í störfum fyrir íbúa svæðisins

Með skýrri stefnu og samhæfingu getur K64 orðið alþjóðlega samkeppnishæfur kjarni sem styrkir stöðu Suðurnesja til langs tíma.

5.4 Stefnuás 4: Samvinna, stjórnsýsla og sameiginleg framtíðarsýn

Án samræmdrar stjórnsýslu nýtast styrkleikar Suðurnesja ekki að fullu. Þessi stefnuás leggur áherslu á:

- Samræmda stefnumótun sveitarfélaga
- Gagnadrifna ákvarðanatöku
- Sameiginlega hagsmunagæslu gagnvart ríkinu

Markmiðið er að Suðurnes komi fram sem samræmt atvinnusvæði með skýra framtíðarsýn og forgangsröðun. Með þessu eykst **slagkraftur svæðisins** og líkur á því að opinber fjármögnun og verkefni endurspegli raunverulegar þarfir samfélagsins.

6. Aðgerðaáætlun atvinnuramma Suðurnesja 2026–2030

Aðgerðaáætlun atvinnuramma Suðurnesja er sett fram til að tryggja að framtíðarsýn og stefnuáasar stefnunnar leiði til raunverulegra breytinga. Aðgerðirnar eru ekki hugsaðar sem einstök verkefni heldur sem kerfisbundnar íhlutanir sem miða að því að breyta forsendum atvinnuuppbyggingar til langs tíma.

Aðgerðaáætlunin byggir á fjórum stefnuásum atvinnurammans og er sett fram með það að leiðarljósi að:

- Ábyrgð sé skýr.
- Framkvæmd sé mælanleg
- Samfélagslegur ávinningur sé augljós

Aðgerðirnar eru flokkaðar eftir stefnuásum og hverri aðgerð fylgir skýring á tilgangi, megináherslum og væntum áhrifum.

6.1 Mannauður og menntun sem efnahagslegur innviður

6.1.1 Leiðrétting fjármögnunar framhaldsskóla á Suðurnesjum

Ein mikilvægasta forsenda atvinnuuppbyggingar til framtíðar er að menntakerfið á Suðurnesjum hafi sambærilegar forsendur og menntakerfi á öðrum landsvæðum. Núverandi fyrirkomulag hefur ekki tekið nægilegt tillit til fjölmenningsarlegs nemendahóps, aukinnar stuðningsþarfar og hraðrar samfélagsþróunar.

Aðgerðin felur í sér:

- Kerfisbundna greiningu á fjármögnun framhaldsskóla á Suðurnesjum samanborið við sambærilega skóla,
- Mótun sameiginlegrar kröfugerðar sveitarfélaga gagnvart ríkinu,
- Markvissa eftirfylgni með breytingum á reiknilíkani fjármögnunar.

Markmið:

Að jafna framlag á hvern nemanda við landsmeðaltal og tryggja að fjármögnun endurspegli raunverulega þörf.

Væntur ávinningur:

Betri námsárangur, minni brotthvarf, aukin hæfni og sterkari tenging menntunar og atvinnulífs.

6.1.2 Samþætting menntunar og atvinnuþarfa

Skortur á tengingu milli menntakerfis og atvinnulífs hefur takmarkað getu svæðisins til að byggja upp staðbundna hæfni. Nauðsynlegt er að námsframboð þróist í takt við þarfir atvinnulífsins, bæði núverandi og framtíðar.

Aðgerðin felur í sér:

- Reglulega greiningu á hæfniþörf lykilgreina

- Þróun nýrra námsleiða í samstarfi við atvinnulíf
- Aukið vægi starfsnáms, iðn- og tæknimenntunar og símenntunar

Markmið:

Að tryggja að menntun styðji við fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf.

Væntur ávinningur:

Meiri atvinnuþátttaka íbúa á svæðinu, minni vinnusókn út af svæðinu og aukin verðmætasköpun.

6.1.3 Efla íslenskukennslu og stuðning við fjölmenningsamfélag

Fjölmennig er einn stærsti styrkleiki Suðurnesja, en einnig áskorun ef ekki er nægilega vel haldið á málum. Tungumálakunnátta er lykilforsenda þátttöku í menntun og atvinnulífi.

Aðgerðin felur í sér:

- aukið framboð íslenskukennslu fyrir börn og fullorðna
- samþættingu tungumálanáms og starfsþjálfunar
- samstarf sveitarfélaga, skóla og atvinnulífs

Markmið:

Að tryggja jafnan aðgang að menntun og atvinnu óháð uppruna.

Væntur ávinningur:

Sterkara samfélag, aukin félagsleg samheldni og betri nýting mannauðs.

6.2 Fjölbreytt og sjálfbær atvinnuuppbygging

6.2.1 Uppbygging nýrra atvinnustoða

Til að draga úr viðkvæmni atvinnulífsins þarf að byggja upp nýjar stoðir sem styðja við langtíma hagvöxt. Áhersla er lögð á nýsköpun, græna tækni, líftækni og þekkingariðnað.

Aðgerðin felur í sér:

- Stuðning við sprotafyrirtæki og nýsköpunarverkefni
- Markvissa þróun atvinnusvæða fyrir nýjar greinar
- Samstarf við rannsóknar- og menntastofnanir

Markmið:

Að auka fjölbreytni atvinnulífsins og styrkja seiglu þess.

Væntur ávinningur:

Stöðugri atvinna, betri laun og aukinn virðisauki innan svæðisins.

6.2.2 Sjálfbær ferðaþjónusta með auknum virðisauka

Ferðaþjónusta verður áfram mikilvæg atvinnugrein, en áhersla þarf að færast frá magni yfir í gæði.

Aðgerðin felur í sér:

- Þróun nærandi ferðaþjónustu
- Dreifingu ferðamanna yfir árið og svæðið
- Vernd náttúru og samfélagslegra gæða

Markmið:

Að auka tekjur án aukins álags á innviði.

Væntur ávinningur:

Sjálfbær tekjuöflun og bætt lífsgæði íbúa.

6.3 KADECO og K64 sem umbreytingarvettvangur

6.3.1 Samþætt atvinnu-, mennta- og nýsköpunaruppbygging á K64

K64-svæðið er kjarninn í framtíðaruppbyggingu Suðurnesja.

Aðgerðin felur í sér:

- Skilgreiningu K64 sem þekkingar- og nýsköpunarsvæðis
- Tengingu við háskóla, rannsóknir og atvinnulíf
- Markvissa uppbyggingu innviða

Markmið:

Að skapa hágæða störf og styrkja stöðu svæðisins á lands- og alþjóðavísu.

Væntur ávinningur:

Aukin verðmætasköpun, fjölgun sérhæfðra starfa og sterkari ímynd Suðurnesja.

6.3.2 Grænir iðngarðar og ábyrg orkunýting

Græn orka er einn stærsti samkeppnisstyrkur Suðurnesja.

Aðgerðin felur í sér:

- Þróun grænna iðngarða
- Stuðning við hringrásarhagkerfi
- Ábyrgri nýtingu orkuauðlinda

Markmið:

Að tengja atvinnuuppbyggingu við loftslagsmarkmið.

Væntur ávinningur:

Sjálfbær hagvöxtur og alþjóðlegt aðdráttarafl.

6.4 Samvinna, stjórnsýsla og eftirfylgni

6.4.1 Sameiginleg stjórnsýsla atvinnumála

Aðgerðin felur í sér:

- Aukin samvinna og samræming í atvinnumálum sveitarfélaga
- Sameiginlega kröfugerð gagnvart ríkinu
- Aukna gagnadrifna ákvarðanatöku

Markmið:

Að efla slagkraft Suðurnesja sem atvinnusvæðis.

Væntur ávinningur:

Betri nýting fjármuna og sterkari staða í samkeppni um verkefni.

6.4.2 Sameiginlegt mælaborð og árleg eftirfylgni

Aðgerðin felur í sér:

- Uppsetningu mælaborðs með lykilvísum
- Árlegar framvinduskýrslur
- Reglulega endurskoðun forgangsroðunar

Markmið:

Að tryggja gagnsæi og árangur.

Væntur ávinningur:

Skýr framkvæmd og aukið traust.

7. Eftirfylgni, ábyrgð og árangursmælingar

Árangur atvinnuþróunarramma Suðurnesja 2026–2030 ræðst ekki einungis af metnaði hans heldur fyrst og fremst af skýrri ábyrgð, markvissri framkvæmd og reglubundinni eftirfylgni.

Til að tryggja að ramminn verði virkt stjórnþæki en ekki aðeins stefnumörkun á blaði er nauðsynlegt að skilgreina skýrt hver ber ábyrgð, hvernig árangur er mældur og hvernig brugðist er við frávikum.

7.1 Ábyrgð og stjórnskipulag

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) ber heildarábyrgð á eftirfylgni atvinnurammans í nánú samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu, KADECO, mennta- og atvinnustofnanir, auk helstu hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Hlutverk SSS felst í að:

- Samræma framkvæmd rammans
- Fylgja eftir að aðgerðir séu í samræmi við samþykkt markmið
- Vera sameiginlegur vettvangur sveitarfélaga í atvinnumálum
- Tala einni rödd við ríki og lykilaðila.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á:

- Innleiðingu eigin stefnu í skipulagi, fjárhagsáætlunum og starfsemi
- Samræmingu við aðrar sveitarfélagsbundnar stefnur t.d. svæðisskipulag
- Virkri þátttöku í sameiginlegri eftirfylgni

KADECO gegnir lykilhlutverki í framkvæmd þeirra aðgerða sem tengjast K64, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á þróunarsvæðum, í samtali við sveitarfélög og SSS.

7.2 Framkvæmd og árleg eftirfylgni

Til að tryggja samfellu í framkvæmd verður komið á árlegri eftirfylgni atvinnurammans.

Árlega skal unnin framvinduskýrsla þar sem:

- Staða allra lykilaðgerða er metin
- Framvinda borin saman við sett markmið
- Greind frávik eða nýjar áskoranir

Framvinduskýrslan verður:

- Lögð fyrir sveitarstjórnir og stjórn SSS
- Nýtt sem grundvöllur forgangsroðunar næsta árs
- Notuð í samtali við ráðuneyti og fjármögnunaraðila

Með þessu móti verður atvinnuramminn lifandi plagg sem þróast í takt við aðstæður og reynslu.

7.3 Mælikvarðar

Sett verður upp sameiginlegt mælaborð Suðurnesja sem heldur utan um lykilvísa atvinnu- og samfélagsþróunar. Mælaborðið mun nýtast bæði til innri stjórnunar og ytri miðlunar upplýsinga. Sameiginlegt mælaborð Suðurnesja er meginverkfæri við birtingu og eftirfylgni þessara mælikvarða, sbr. kafla 7.4

Helstu mælikvarðar verða meðal annars:

- Þróun atvinnuþátttöku og starfasköpunar
- Menntunarstig og námsframvinda
- Vinnusókn innan og utan svæðisins
- Nýsköpunarvirkni og fjárfestingar
- Tekjur sveitarfélaga og skattstofnar

7.4 Mælaborð

Til að tryggja markvissa framkvæmd atvinnuramma Suðurnesja 2026–2030, gera framgang hans gagnsæjan og mælanlegan verður sett upp **sameiginlegt mælaborð Suðurnesja**. Mælaborðið er hugsað sem lykiltæki í eftirfylgni rammans og styður við reglubundið árangursmat, sameiginlega forgangsroðun og samráð sveitarfélaga, ríkis og annarra samstarfsaðila.

Markmið mælaborðsins er að veita skýra og aðgengilega yfirsýn yfir þróun lykilþátta atvinnu- og samfélagsmála á Suðurnesjum, í samræmi við stefnuásana og mælanleg markmið rammans.

Helstu efnisþættir mælaborðsins eru:

- Mannauður og menntun, m.a. menntunarstig, námsframvinda og þátttaka í símenntun
- Atvinnulíf og starfasköpun, m.a. fjöldi starfa, nýsköpun og fjölbreytni atvinnugreina
- Staðbundin verðmætasköpun, m.a. vinnusókn, skatttekjur og þróun starfa innan svæðisins
- KADECO og K64, m.a. fjöldi fyrirtækja, starfa og fjárfestinga
- Sjálfbærni og samfélagsleg áhrif, m.a. grænar atvinnugreinar og lífsgæði íbúa
- Framkvæmd stefnunnar, m.a. staða lykilaðgerða og framvindumat

Birting gagna verður einföld og sjónræn, með áherslu á þróun yfir tíma fremur en flókna tölfræðilega sundurliðun. Það mun byggja á opinberum og áreiðanlegum gagnagrunnum, eftir því sem kostur er, svo sem gögnum Hagstofu Íslands, sveitarfélaga og samstarfsaðila.

Þar sem ekki er unnt að sjálfvirknivæða gagnaöflun að fullu verður stuðst við reglubundna handvirka uppfærslu á afmörkuðum mælikvörðum. Stefnt er að því að mælaborðið verði uppfært reglulega, að lágmarki árlega, og að það endurspegli ávallt nýjustu tiltæku gögn

7.5 Endurskoðun og aðlögun rammans

Á miðju tímabili atvinnurammans, árið 2028, fer fram ítarlegt stöðumat þar sem áhrif atvinnurammans á atvinnulíf, menntun og samfélag eru greind. Á grundvelli stöðumatsins verður:

- Aðgerðaáætlun uppfærð eftir þörfum.
- Nýjum áherslum bætt við ef aðstæður krefjast.
- Tenging við aðrar stefnumótandi áætlanir endurskoðuð

Með þessu er tryggt að atvinnuramminn sé sveigjanleg, raunhæf og í stöðugri þróun.

8. Samræming atvinnuramma Suðurnesja við aðrar stefnumótandi áætlanir

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030 er ekki sjálfstætt plagg, heldur hluti af heildstæðum stefnumótandi ramma sem mótar framtíð svæðisins. Ramminn er settur fram í nánu samhengi við gildandi svæðis- og sveitarfélagaáætlanir og styður við markmið þeirra með því að tengja atvinnuuppbyggingu, menntun, skipulag og innviði í eina samfellda heild.

Samræming við aðrar stefnur er lykilforsenda þess að atvinnuramminn nái tilætluðum árangri. Með skýrri tengingu við Sóknaráætlun Suðurnesja, Svæðisskipulag Suðurnesja, þróunaráætlun KADECO og Atvinnustefnu Reykjanesbæjar er tryggt að:

- Forgangsröðun verkefna sé samræmd
- Opinber fjármögnun nýtist markvisst
- Ákvarðanataka byggir á sameiginlegri framtíðarsýn

Samræmingin felur jafnframt í sér að atvinnuramminn nýtist sem framkvæmdarammi fyrir aðrar áætlanir, þar sem markmið þeirra eru þýdd yfir í skýrar aðgerðir og mælanlegan árangur.

8.1 Samræming við Sóknaráætlun Suðurnesja

Sóknaráætlun Suðurnesja leggur áherslu á sjálfbæra þróun, eflingu atvinnulífs, mannauðs og nýsköpunar, auk samvinnu sveitarfélaga. Atvinnurammi Suðurnesja styður þessi markmið með því að setja fram ítarlega stefnu um hvernig atvinnuuppbygging, menntun og samfélagsþróun skuli haldast í hendur.

Sérstaklega er samhljómur milli:

- Áherslu Sóknaráætlunar á mannauð og hæfni
- Markmiða atvinnustefnunnar um menntun sem efnahagslegan innvið
- Áherslu beggja á gagnadrifna stefnumótun og eftirfylgni

Atvinnuramminn nýtist þannig sem framkvæmdarammi sóknaráætlunar á sviði atvinnu- og vinnumarkaðsmála.

8.2 Samræming við Svæðisskipulag Suðurnesja 2040

Svæðisskipulag Suðurnesja 2040 mótar langtímasýn um landnotkun, byggðamynstur, atvinnusvæði og innviði. Atvinnuramminn tekur mið af þessari sýn með því að tengja atvinnuuppbyggingu beint við skipulag, samgöngur og orkunýtingu.

Samræmingin birtist meðal annars í:

- Áherslu á þéttingu og skýra afmörkun atvinnusvæða
- Samþættingu atvinnuuppbyggingar og samgangna
- Nýtingu K64-svæðisins og annarra lykilsvæða í samræmi við skipulag

Með þessu er tryggt að atvinnuuppbygging fari fram á forsendum sjálfbærrar landnýtingar og langtímahugsunar.

8.3 Samræming við þróunaráætlun KADECO og K64

Þróunaráætlun KADECO um K64-svæðið er einn mikilvægasti grunnur framtíðar atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Atvinnuramminn skilgreinir K64 ekki sem afmarkað þróunarverkefni, heldur sem einn af lykilkjarna atvinnu- og þekkingarkerfis svæðisins.

Samræmingin felst í því að:

K64 er tengt beint við stefnu um menntun, nýsköpun og mannauðspróun. Hlutverk KADECO er skilgreint í samhengi við sveitarfélög og SSS og uppbygging á svæðinu miðar að fjölbreyttum, vel launuðum störfum.

Atvinnuramminn styður þannig við framtíðarsýn KADECO og tryggir að uppbygging K64 skili sér í samfélagslegum og efnahagslegum ávinningi fyrir Suðurnes í heild.

8.4 Samræming við atvinnustefnu Reykjanesbæjar

Atvinnuþróunarstefna Reykjanesbæjar 2024–2034 leggur áherslu á nýsköpun, menntun, fjölbreytt atvinnulíf og uppbyggingu í kringum Ásbrú og K64. Atvinnurammi Suðurnesja byggir ofan á þessar áherslur og setur þær í svæðisbundið samhengi.

Samræmingin tryggir að:

- Markmið Reykjanesbæjar nýtist sem hluti af sameiginlegri framtíðarsýn
- Uppbygging á Ásbrú og K64 sé samhæfð milli sveitarfélaga,
- Að sveitarfélög keppi ekki innbyrðis um sömu verkefni, heldur vinni saman að heildstæðum lausnum

8.5 Samræmingartafla – yfirlit yfir tengingar

Stefna / áætlun	Helstu kaflar í viðkomandi stefnu	Tengdir kaflar í atvinnustefnu Suðurnesja	Megintenging og áherslur
Sóknaráætlun Suðurnesja	Mannauður, nýsköpun, sjálfbær þróun	Kaflar 3, 4, 5.1, 6.1, 7	Menntun sem efnahagslegur innviður, fjölbreytt atvinnulíf, samvinna
Svæðisskipulag Suðurnesja 2040	Landnotkun, atvinnusvæði, innviðir	Kaflar 2.4, 5.3, 6.3	Þétt atvinnusvæði, sjálfbær samgöngu- og orkunýting
Þróunaráætlun KADECO / K64	Framtíðarsýn, þróunarsvæði	Kaflar 3.3, 5.3, 6.3	Þekkingarkjarni, nýsköpun, alþjóðlegt aðdráttarafl
Atvinnustefna Reykjanesbæjar 2024–2034	Nýsköpun, menntun, atvinnusvæði	Kaflar 5.1, 5.2, 6.1–6.3	Samræmd atvinnuuppbygging, Ásbrú/K64, mannauður

8.6 Samantekt samræmingar

Með þessari samræmingu er atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030 staðsettur sem lykilverkfæri í framkvæmd annarra stefnumótandi áætlana. Hann tengir saman framtíðarsýn, skipulag, menntun og atvinnuuppbyggingu í eina heild og styrkir þannig getu svæðisins til að ná markmiðum sínum.

Samræmd stefnumótun er forsenda þess að Suðurnes geti nýtt styrkleika sína til fulls og tryggt sjálfbæra þróun til framtíðar.

9.0 Mælanleg markmið

Markmiðin eru sett fram til að styðja við markvissa framkvæmd atvinnurammans og gera framgang hans mælanlegan. Þau byggja á fyrirliggjandi gögnum, samanburði við þróun á öðrum svæðum og mati á raunhæfum áhrifum stefnumótandi aðgerða yfir gildistíma rammans.

Stefnuás / málaflokkur	Mælikvarði	Staða 2025 (viðmið)	Markmið 2030	Tenging við kafla
Mannauður og menntun	Hlutfall íbúa 25–64 ára með framhalds- eða háskólamenntun	Undir landsmeðaltali	+5–8 prósentustig	5.1, 6.1
	Brottfall úr framhaldsskóla	Yfir landsmeðaltali	–20–30%	5.1, 6.1
	Framlag á hvern nemanda í framhaldsskóla	Undir landsmeðaltali	Jafnað við landsmeðaltal	6.1
	Þátttaka í símenntun (árlega)	Viðmið 2025	+30–50%	6.1
Fjölbreytt atvinnulíf	Hlutfall starfa í þekkingar- og nýsköpunargreinum	Lágt	+20–30%	5.2, 6.2
	Fjöldi nýrra fyrirtækja utan ferðaþjónustu	Viðmið 2025	+10–15%	6.2
	Meðallaun á Suðurnesjum	Við / undir landsmeðaltali	+5–10% umfram verðlag	5.2
Staðbundin verðmætasköpun	Hlutfall íbúa í vinnusókn utan svæðis	Hátt	–10–15%	3.1, 6.2
	Fjöldi starfa innan Suðurnesja	Viðmið 2025	+1.000–2.000 störf	6.2
	Skatttekjur sveitarfélaga á hvern íbúa	Viðmið 2025	Raunaukning	7
KADECO / K64	Fjöldi fyrirtækja á K64	Upphafsstig	50–100 fyrirtæki	5.3, 6.3
	Fjöldi starfa á K64	Upphafsstig	1.500–3.000 störf (áfanga)	6.3
	Fjárfesting í innviðum K64	Áætlanir	Veruleg aukning (opinbert + einkafjármagn)	6.3
	Samstarfsverkefni við háskóla	Takmörkuð	Árleg fjölgun	5.3
Sjálfbærni og lífsgæði	Hlutfall grænna atvinnugreina	Lágt	Vaxandi hlutfall	5.2, 6.2
	Kolefnisspor á hvert starf	Ómæld / hátt	Minnkandi þróun	5.4
	Ánægja íbúa með búsetuskilyrði	Viðmið 2025	Mælanleg aukning	7
Stjórnsýsla og samvinna	Sameiginleg atvinnuverkefni sveitarfélaga	Takmörkuð	Árleg fjölgun	6.4
	Árleg framvinduskýrsla	Ekki til	Birt árlega	7
	Sameiginlegt mælaborð	Ekki til	Virkt fyrir 2027	7

10. Lokaorð – Suðurnes 2030

Atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030 er sameiginleg framtíðaráætlun fyrir eitt mikilvægasta atvinnu- og vaxtarsvæði Íslands. Hann byggir á þeirri sannfæringu að sjálfbær atvinnuuppbygging verði ekki að veruleika nema með markvissri uppbyggingu mannauðs, fjölbreyttu atvinnulífi og samræmdri stjórnsýslu.

Ramminn endurspeglar þá sýn að Suðurnes séu ekki aðeins gátt landsins að umheiminum, heldur samfélag sem:

- Byggir verðmætasköpun á eigin styrkleikum
- Nýtir alþjóðlega stöðu sína með ábyrgum hætti
- Tryggir að ávinningur af atvinnuuppbyggingu skili sér til íbúa svæðisins

Með þessum ramma vinna sveitarfélögin á Suðurnesjum að samræmingu og langtímahugsun. Hann er ákall um sameiginlega ábyrgð og tækifæri til að móta framtíð svæðisins af festu, framsýni og sjálfbærni.

Ef ramminn er framkvæmdur af heilindum og metnaði geta Suðurnes árið 2030 staðið sem fyrirmyndarsvæði í sjálfbærri atvinnu- og samfélagsþróun, þar sem græn orka, menntun, nýsköpun og fjölbreytt samfélag mynda grunn að lífsgæðum og seiglu til framtíðar.

Viðauki A – Töluleg gögn og lykilvísar

Viðauki þessi styður við atvinnuramma Suðurnesja 2026–2030 með lykilgögnum um samfélag, menntun, atvinnulíf og opinbera fjármögnun. Markmið viðaukans er að:

- varpa ljósi á stöðu Suðurnesja í samanburði við önnur landsvæði,
- undirbyggja stefnumótandi áherslur atvinnurammans,
- og leggja grunn að gagnadrifinni eftirfylgni og hagsmunagæslu.

Gögnin byggja á opinberum heimildum, greiningum sveitarfélaga og fyrirbyggjandi stefnumótandi gögnum svæðisins.

A.1 Lýðfræði og íbúasamsetning

Suðurnes eru eitt hraðast vaxandi svæði landsins. Íbúafjöldi hefur aukist umtalsvert síðustu tvo áratugi og aldurssamsetning er ung miðað við landsmeðaltal.

Helstu atriði:

- Hlutfall íbúa á vinnualdri er hátt.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara er með því hæsta á Íslandi.
- Íbúafjölgun hefur verið hraðari en uppbygging innviða og opinberrar þjónustu.

Áhrif á atvinnurammans:

Hröð íbúafjölgun og fjölmennning kalla á aukna fjárfestingu í menntun, hæfnipróun og samþættingu á vinnumarkaði.

A.2 Menntun og fjármögnun framhaldsskóla

Menntun er lykilforsenda atvinnuuppbyggingar. Gögn sýna að Suðurnes búa við kerfisbundið ójafnræði í fjármögnun menntakerfisins.

Framlag á hvern nemanda (dæmi)

Skóli	Framlag á hvern nemanda
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2.361,3
Fjölbrautaskóli Suðurlands	2.737,6

Mismunur:

Framlag til Fjölbrautaskóla Suðurnesja er um **13,8% lægra** á hvern nemanda.

Áhrif:

- Minni svigrúm til stuðningskennslu.
- Takmarkað námsframboð.
- Erfiðari aðstæður til að bregðast við fjölmennningarlegum nemendahópi.

Tenging við atvinnuramma:

Styður aðgerðir í kafla **6.1** um leiðréttingu fjármögnunar og menntun sem efnahagslegan innviður.

A.3 Menntunarstig og hæfni

- Hlutfall íbúa með háskólamenntun er lægra en landsmeðaltal.
- Brottfall úr framhaldsskóla hefur verið viðvarandi áskorun.
- Mikil eftirspurn er eftir sérhæfðu starfsfólki sem ekki er fullnægt með staðbundnum mannauði.

Áhrif á atvinnulíf:

Atvinnuuppbygging verður háð innfluttu vinnuafli eða vinnusókn utan svæðisins, sem dregur úr staðbundnum samfélagslegum ávinningi.

A.4 Atvinnulíf og vinnusókn

Suðurnes eru eitt stærsta atvinnusvæði landsins, en hluti íbúa sækir vinnu utan svæðisins, einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu atriði:

- Hátt hlutfall íbúa vinnur utan heimabyggðar.
- Samgönguálag eykst.
- Verðmætasköpun skilar sér ekki að fullu til sveitarfélaga.

Áhrif á atvinnuramma:

Styður áherslur í köflum 3.1, 5.2 og 6.2 um fjölbreytt störf og staðbundna verðmætasköpun.

A.5 Atvinnugreinar og efnahagsleg seigla

Atvinnulíf Suðurnesja er að stórum hluta háð:

- flugi og flugvallartengdri starfsemi,
- ferðaþjónustu,
- sjávarútvegi,
- orkuvinnslu.
- matvælaframleiðslu

Þessar greinar eru:

- verðmætar,
- en viðkvæmar fyrir ytri áföllum.

Áhrif á atvinnuramma:

Styður þörf fyrir nýjar atvinnustöðir, nýsköpun og þekkingariðnað (kaflar 5.2 og 6.2).

A.6 KADECO og K64 – efnahagsleg tækifæri

K64-svæðið hefur möguleika á að:

- skapa fjölmörg sérhæfð störf,
- laða að innlenda og erlenda fjárfestingu,
- tengja saman menntun, rannsóknir og atvinnulíf.

Áhrif á atvinnuramma:

Undirbyggir stefnuás 5.3 og aðgerðir 6.3 um KADECO sem umbreytingarvettvang.

A.7 Opinber fjármögnun og jafnræði svæða

Gögn benda til þess að:

- opinber fjármögnun á hvern íbúa á Suðurnesjum sé oft lægri en á öðrum svæðum,
- fjármögnun taki ekki nægilegt tillit til hraðrar íbúafjölgunar og fjölmennningar.

Áhrif á atvinnuramma:

Styður áherslur í köflum 3.4, 5.4 og 6.4 um sameiginlega hagsmunagæslu og gagnadrifna stefnumótun.

A.8 Samantekt viðauka

Töluleg gögn í þessum viðauka staðfesta að helstu áskoranir Suðurnesja eru kerfislægar fremur en staðbundnar. Þær kalla á:

- leiðréttingu í opinberri fjármögnun,
- markvissa uppbyggingu mannauðs,
- og samþætta atvinnu- og samfélagsþróun.

Viðaukinn styður þannig við atvinnuramma Suðurnesja 2026–2030 sem **gagnadrifna, raunhæfa og réttlætana ramma** í samtali við ríki og aðra lykilaðila.

Viðauki B – Mælikvarðar og árangursvísar (KPI)

Viðauki B skilgreinir lykilmælikvarða sem nýtast til að fylgjast með framkvæmd atvinnuramma Suðurnesja 2026–2030. Markmið mælikvarðanna er að:

- tryggja gagnsæi í framkvæmd,
- styðja gagnadrifna ákvarðanatöku,
- gera sveitarfélögum og samstarfsaðilum kleift að meta árangur aðgerða á samræmdan hátt.

Mælikvarðarnir tengjast beint stefnuásum og aðgerðum atvinnurammans og mynda grunn að sameiginlegu mælaborði Suðurnesja.

B.1 Mannauður og menntun

Markmið: Að menntun og hæfniþróun styðji við sjálfbæra atvinnuuppbyggingu.

Helstu mælikvarðar:

- Framlag á hvern nemanda í framhaldsskólum (kr./nemanda).
- Hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskóla innan tilskilins tíma.
- Brottfall úr framhaldsskóla.
- Hlutfall íbúa 25–64 ára með framhalds- eða háskólamenntun.
- Fjöldi þátttakenda í símenntun og endurmenntun.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.1 og 6.1.

B.2 Atvinnulíf og starfasköpun

Markmið: Að auka fjölbreytni, gæði og seiglu atvinnulífs.

Helstu mælikvarðar:

- Fjöldi starfa á Suðurnesjum eftir atvinnugreinum.
- Hlutfall starfa í þekkingar- og nýsköpunargreinum.
- Meðallaun eftir atvinnugreinum.
- Atvinnuþátttaka íbúa.
- Fjöldi nýrra fyrirtækja og sprota á svæðinu.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.2 og 6.2.

B.3 Vinnusókn og staðbundin verðmætasköpun

Markmið: Að draga úr vinnusókn út af svæðinu og auka staðbundna verðmætasköpun.

Helstu mælikvarðar:

- Hlutfall íbúa sem sækja vinnu utan Suðurnesja.
- Fjöldi starfa sem skapast innan svæðisins árlega.
- Tekjur sveitarfélaga á hvern íbúa.
- Skattstofnar tengdir atvinnustarfsemi.

Tenging við ramma:

Kaflar 3.1, 5.2 og 6.2.

B.4 KADECO og K64

Markmið: Að K64 verði burðarás í atvinnu- og þekkingaruppbyggingu.

Helstu mælikvarðar:

- Fjöldi fyrirtækja og starfa á K64-svæðinu.
- Hlutfall starfa í nýsköpunar- og þekkingargreinum.
- Fjárfestingar í innviðum og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.
- Samstarfsverkefni við mennta- og rannsóknastofnanir.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.3 og 6.3.

B.5 Sjálfbærni og samfélagsleg áhrif

Markmið: Að atvinnuuppbygging styðji við sjálfbæra þróun og lífsgæði.

Helstu mælikvarðar:

- Orkunýting og hlutfall endurnýjanlegrar orku.
- Kolefnisspor atvinnustarfsemi (eftir því sem gögn leyfa).
- Ánægja íbúa með atvinnu- og búsetuskilyrði.
- Álag á innviði og þjónustu.

Tenging við ramma:

Kaflar 4, 5.4 og 6.4.

B.6 Samantekt mælikvarða

Mælikvarðar í viðauka B mynda grunn að:

- sameiginlegu mælaborði Suðurnesja,
- árlegum framvinduskýrslum,
- endurskoðun atvinnuþróunarrammans árið 2028.

Viðauki C – Yfirlit yfir áhersluverkefni

Viðauki C dregur saman helstu áhersluverkefni sem styðja við framkvæmd atvinnuramma Suðurnesja 2026–2030. Verkefnin eru skilgreind sem verkfæri til innleiðingar stefnunnar, ekki sem tímabundin átaksverkefni.

C.1 Áhersluverkefni á sviði mannauðs og menntunar

- Leiðrétting fjármögnunar framhaldsskóla á Suðurnesjum.
- Efling starfsnáms, iðn- og tæknimenntunar.
- Samþætting menntunar og atvinnuþarfa í samstarfi við atvinnulíf.
- Aukið framboð íslenskukennslu og stuðnings fyrir fjölmennningarlegt samfélag.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.1 og 6.1.

C.2 Áhersluverkefni í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu

- Stuðningur við sprotafyrirtæki og nýsköpunarverkefni.
- Uppbygging nýrra atvinnustöða í grænni tækni og þekkingariðnaði.
- Þróun grænna iðngarða og hringrásarhagkerfis.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.2 og 6.2.

C.3 Áhersluverkefni tengd KADECO og K64

- Skilgreining K64 sem þekkingar- og nýsköpunarsvæðis.
- Samþætting atvinnu-, mennta- og rannsóknarstarfsemi á svæðinu.
- Markviss uppbygging innviða og aðdráttarafls K64.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.3 og 6.3.

C.4 Áhersluverkefni í stjórnsýslu og samvinnu

- Sameiginleg hagsmunagæsla sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- Uppsetning sameiginlegs mælaborðs.
- Árleg framvinduskýrsla atvinnustefnu.
- Samræming við Sóknaráætlun, Svæðisskipulag og aðrar stefnur.

Tenging við ramma:

Kaflar 5.4, 6.4 og 7.

C.5 Samantekt áhersluverkefna

Áhersluverkefnin í viðauka C tryggja að atvinnurammi Suðurnesja 2026–2030 sé framkvæmanleg, mælanleg og samþætt við aðrar áætlanir. Þau mynda brú milli stefnumótunar og daglegrar framkvæmdar og styðja við langtíma sjálfbæra þróun svæðisins.